

Alþingi
Erindi nr. P 139/1932
komudagur 4.4.2011



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. apríl 2011
1B2

Efni: Umsögn Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um framvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, þskj. 967 – 575. mál.

Vísað er til fyrri athugasemda Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins dags. 25. nóvember 2009. Þar var m.a. gerð athugasemd við 26. gr. frumvarpsins um aldur þeirra heilbrigðisstarfsmanna sem mega reka eigin starfsstofur. Samkvæmt greininni eins og hún hljóðar er verið að klippa á heimild sama einstaklings til að reka og stunda heilbrigðisþjónustu á sama stað. Tilgangur þess er ekki ljós. Á tveggja ára fresti eftir að 70 ára aldri er náð þarf heilbrigðisstarfsmaður að gangast undir mat um það hvort hann geti rekið starfsstofu en ekki hvort hann er hæfur til að veita heilbrigðisþjónustu. Ennfremur er vandséð hvernig landlæknir ætla að meta hæfni umsækjanda til að stunda rekstur sérstaklega. Því er lagt til að ákvæðið nái eingöngu til þess hvort heilbrigðisstarfsmaður sé fær um að stunda grein sína. Ennfremur er bent á að heimild til reksturs heilbrigðisstofnana er ekki bundin við heilbrigðisstarfsfólk og því auðvelt að finna hjáleid fram hjá banni við tvíþætta hlutverkinu með rekstur og vinnu við fagið á einni hendi.

Virðingarfyllst,
f.h. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins


Svanhvít Jakobsdóttir,
forstjóri